



Eyjablikksmótið í Eyjum



Frítt er í sund fyrir keppendur, þjálfara og einn fararstjóra með hverju liði. Merkt er við í afgreiðslu sundlaugarinnar. Æskilegt er að ekki sé staldrað lengur við en í eina klukkustund í senn.

Ekki verður seldur matur fyrir mótsgesti í Akóges á meðan á mótinu stendur. Bendum vð fólki á að fara á hina fjölmörgu veitingastaði í Eyjum.

Veitt eru verðlaun fyrir 1. sæti í hverri deild. Þau verða afhent að lokinni keppni í hverri deild fyrir sig í rými fyrir framan mótsstjórnarherbergið.

Af gefnu tilefni viljum við minna fararstjóra og þjálfara á að umgengni um gistihúsnæði og íþróttahús er á ykkar ábyrgð. Öll gögn og það sem er á veggjum á að láta ósnert.

Við viljum benda forráðamönnum á að fylgjast vel með klefum sinna liða í Íþróttamiðstöðinni, þar gilda sömu reglur og í skólunum. Ekki skilja eftir nein verðmæti í klefunum.

Það er stranglega bannað að fara í fimleikagryfjuna í sal 3 og biðjum við ykkur um að brýna það fyrir keppendum.

Skólarnir og Íþróttamiðstöðin eru stórir vinnustaðir nemenda, kennara og annarra starfsmanna og biðjum við ykkur um að sýna þessu fólki virðingu og ganga vel um.

Umgengni lýsir innri manni